



Samanburður á fjölda tilkynninga til barnaverndarþjónusta á fyrstu níu mánuðum áranna

2023 - 2025

Efnisyfirlit

Tilkynningar til barnaverndarþjónusta.....	4
Fjöldi tilkynninga eftir kynjum	4
Fjöldi tilkynninga eftir landsvæðum	4
Fjöldi barna sem tilkynnt var um eftir landsvæði	5
Fjöldi barna skipt eftir kynjum	5
Fjöldi barna þar sem mál var þegar til meðferðar (opið mál) eða ákveðið var að hefja könnun ...	6
Ástæður tilkynninga	6
Ástæður tilkynninga, undirflokkar	7
Hversu oft var barn metið í yfirvofandi hættu	10
Tilkynnendur	11

Barnaverndarþjónustur landsins eru 22 talsins og skila þær mánaðarlega tölulegum upplýsingum, svokallaðri *sískráningu* til Barna- og fjölskyldustofu varðandi fjölda tilkynninga sem berast til barnaverndar.

Í þessari samantekt er að finna samanburð á fjölda tilkynninga til barnaverndarþjónusta skv. sískráningu þjónustanna á fyrstu níu mánuðum áranna 2023, 2024 og 2025¹. Endanlegar upplýsingar um fjölda tilkynninga koma fram í samtölublöðum barnaverndarþjónustanna sem eru birtar árlega á vefsíðu Barna- og fjölskyldustofu.

Tilkynningar til barnaverndarþjónusta voru 11,9% fleiri á fyrstu níu mánuðum ársins 2025 miðað við sama tímabil ársins á undan. Fjölgun tilkynninga á milli ára átti sér helst stað í nágrenni Reykjavíkur (17,1%) og á landsbyggð (12,4%), ólíkt því sem sjá mátti fyrir ári síðan þegar fjölgun tilkynninga milli 2023 og 2024 átti sér helst stað í Reykjavík.

Líkt og fyrri ár voru flestar tilkynningar á fyrstu níu mánuðum ársins 2025 vegna vanrækslu, eða 38,1% allra tilkynninga. Tilkynningar vegna vanrækslu voru þó hlutfallslega færri en árin tvö á undan þegar þær voru ríflega 42% tilkynninga. Næst flestar tilkynningar voru vegna áhættuhegðunar barns, eða 35,3% og hefur það hlutfall hækkað úr 31,6% árið 2023. Hlutfall tilkynninga vegna ofbeldis voru 25,8% og vegna ófæddis barns 0,8%.

Fjöldi tilkynninga um vanrækslu var svipaður fyrstu níu mánuði ársins 2025 og á sama tímabili árið 2024. Tilkynningum vegna líkamlegrar vanrækslu fjölgaði þó um 33,1% eftir 12,7% fækkun milli 2023 og 2024. Fjöldi tilkynninga vegna umsjónar og eftirlits breyttist lítið milli ára (fækkaði um 3%). Með slíkum tilkynningum er skráð hvort tilkynning berist vegna þess að foreldri er í áfengis- og/eða fíkniefnaneyslu og reyndist þeim hafa fjölgaði um 5,2% á fyrstu níu mánuðum ársins 2025 miðað við sama tímabil árið 2024. Tilkynningum vegna vanrækslu varðandi nám fækkaði um 10%, eftir fjölgun árið á undan. Tilkynningum vegna tilfinningalegrar vanrækslu fjölgaði um 47% þegar bornir eru saman fyrstu níu mánuðir ársins 2024 og 2025 og hefur þeim fjölgað um 97,8% ef 2025 er borið saman við árið 2023.

Tilkynningar á fyrstu níu mánuðum ársins 2025 vegna ofbeldis voru 19,1% fleiri en á sama tímabili árið 2024. Mest var aukningin í tilkynningum vegna tilfinningalegs ofbeldis þar sem fjölgunin nam 21,6% á milli ára. Tilkynningum um líkamlegt ofbeldi fjölgaði um 9,2% og tilkynningum um kynferðisofbeldi um 10,6%. Tilkynningum um kynferðisofbeldi af hendi náins aðila fjölgaði um 3,7% en tilkynningum vegna stafræns kynferðisofbeldis fækkaði um 21,4%.

Tilkynningum vegna áhættuhegðunar hefur fjölgað um 39,5% ef miðað við fyrstu níu mánuði ársins 2023-2025 og um 20,2% á milli áranna 2024 og 2025. Fjölgunina er helst að sjá í undirflokkunum fyrir *barn kemur sér undan forsjá* (fjölgun um 46,5%) og *afbrot barns* (fjölgun um 41,6%), en einnig í flokkunum *barn stefnir eigin heilsu og þroska í hættu* (fjölgun um 21%) og *barn beitir ofbeldi* (fjölgun um 19,2%). Í heildina var ekki breyting á fjölda tilkynninga um *neyslu barna á vímuefnum eða öðrum skaðlegum efnum* en þegar drengir og stúlkur eru borin saman má sjá að tilkynningum vegna drengja fjölgaði um 15% á meðan þeim fækkaði á meðal stúlkna um 14,3%.

¹ Upplýsingar um fjölda tilkynninga fyrir síðustu þrjá mánuði tímabilsins bárust ekki frá einni barnaverndarþjónustu. Að jafnaði barst þeirri barnaverndarþjónustu ein tilkynning á mánuði á fyrstu sex mánuðum ársins.

Líkt og áður bárust flestar tilkynningar frá lögreglu, eða 42,8% allra tilkynninga fyrstu níu mánuði ársins 2025 og næst flestar tilkynningar bárust frá skólum, 14,2%. Þá má sjá að stór hluti tilkynninga barst úr nánasta umhverfi barns en samanlagður fjöldi tilkynninga frá barninu sjálfu, ættingjum barns, nágrönnum og öðru nærumhverfi voru 1.866, eða 13,6% allra tilkynninga.

Samanlagður fjöldi barna sem tilkynnt var um á fyrstu níu mánuðum ársins 2025 var 10.379 börn en 9.333 börn árið á undan og 8.484 börn árið 2023. Þess ber að geta að tölur um fjölda barna sem tilkynnt var um eru fengnar þannig að fjöldi barna sem tilkynnt var um í hverjum mánuði fyrir sig er lagður saman. Tilkynningar geta borist um sama barnið á milli mánaða, þannig að hér er ekki alltaf um að ræða fjölda einstaklinga yfir ákveðið tímabil heldur samanlagðan heildarfjölda barna í hverjum mánuði fyrir sig.

Tilkynningar til barnaverndarþjónusta

Fjöldi tilkynninga eftir kynjum

Kyn	Fyrstu níu mánuðir 2023		Fyrstu níu mánuðir 2024		Fyrstu níu mánuðir 2025	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Drengir	5.881	53,6	6.734	54,9	7.635	55,6
Stúlkur	5.015	45,7	5.438	44,3	5.968	43,5
Stálp ¹	6	<0,1	8	0,1	6	<0,1
Ekki vitað ²	74	0,7	86	0,7	112	0,8
Samtals	10.976	100	12.266	100	13.721	100


¹Frá 1. janúar 2020 hefur verið boðið upp á hlutlaus skráningu á kyni, þ.e. utan kynjatvíhyggju, skv. lögum um kynrænt sjálfræði 80/2019

²Tilkynningar geta borist vegna ófæddra barna.

Fjöldi tilkynninga eftir landsvæðum

Landsvæði	Fyrstu níu mánuðir 2023		Fyrstu níu mánuðir 2024		Fyrstu níu mánuðir 2025	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Reykjavík	3.926	35,8	4.512	36,8	4.847	35,3
Nágrenni Reykjavíkur ¹	3.034	27,6	3.378	27,5	3.954	28,8
Landsbyggð	4.016	36,6	4.376	35,7	4.920	35,9
Samtals	10.976	100	12.266	100	13.721	100

¹Nágrenni Reykjavíkur tilheyrir öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu nema Reykjavík: Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.



Fjöldi barna sem tilkynnt var um eftir landsvæði

Tölur um fjölda barna sem tilkynnt var um eru fengnar þannig að fjöldi barna sem tilkynnt er um í hverjum mánuði fyrir sig er lagður saman. Tilkynningar geta borist um sama barnið á milli mánaða, þannig að hér er ekki alltaf um að ræða fjölda einstaklinga yfir ákveðið tímabil heldur, samanlagðan heildarfjölda barna í hverjum mánuði fyrir sig.

Landsvæði	Fyrstu níu mánuðir 2023		Fyrstu níu mánuðir 2024		Fyrstu níu mánuðir 2025	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Reykjavík	2.879	33,9	3.256	34,9	3.520	33,9
Nágrenni Reykjavíkur ¹	2.441	28,8	2.566	27,5	2.952	28,4
Landsbyggð	3.164	37,3	3.511	37,6	3.907	37,6
Samtals	8.484	100	9.333	100	10.379	100

¹Nágrenni Reykjavíkur tilheyrir öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu nema Reykjavík: Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

Fjöldi barna skipt eftir kynjum

Kyn	Fyrstu níu mánuðir 2023		Fyrstu níu mánuðir 2024		Fyrstu níu mánuðir 2025	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Drengir	4.574	53,9	5.133	55,0	5.768	55,6
Stúlkur	3.841	45,3	4.114	44,1	4.504	43,4
Stálp ¹	4	<0,1	8	0,1	5	<0,1
Ekki vitað ²	65	0,8	78	0,8	102	1,0
Samtals	8.484	100	9.333	100	10.379	100

¹Frá 1. janúar 2020 hefur verið boðið upp á hlutlausu skráningu á kyni, þ.e. utan kynjativíhyggju, skv lögum um kynrænt sjálfræði 80/2019

²Tilkynningar geta borist vegna ófæddra barna.

Fjöldi barna þar sem mál var þegar til meðferðar (opið mál) eða ákveðið var að hefja könnun

	Fyrstu níu mánuðir 2023		Fyrstu níu mánuðir 2024		Fyrstu níu mánuðir 2025	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Ákveðið var að hefja könnun²	5.241	61,8 ¹	5.406	57,9 ¹	5.955	57,4 ¹
<i>Drengir</i>	2.672	51,0	2.803	51,9	3.103	52,1
<i>Stúlkur</i>	2.524	48,1	2.552	47,2	2.784	46,8
<i>Stálp eða ekki vitað³</i>	45	0,9	51	0,9	68	1,1
Þar af nýjar kannanir	2.741	32,3 ¹	2.644	28,3 ¹	2.496	24,0 ¹
<i>Drengir</i>	1.421	51,9	1.363	51,5	1.307	52,4
<i>Stúlkur</i>	1.293	47,1	1.247	47,2	1.161	46,5
<i>Stálp eða ekki vitað³</i>	27	1,0	34	1,3	28	1,1

¹ Hlutfall af þeim börnum sem tilkynnt var um.

² Fjöldi barna þar sem ákveðið var að hefja könnun, mál þegar í könnun eða meðferð (opið mál)

³ Frá 1. janúar 2020 hefur verið boðið upp á hlutlausu skráningu á kyni, þ.e. utan kynjatvíhyggju, skv lögum um kynrænt sjálfræði 80/2019. Hér getur því verið um að ræða barn sem fellur utan kynjatvíhyggju eða ófætt barn.

Ástæður tilkynninga¹

Barnaverndarþjónustur flokka hverja tilkynningu eftir eðli eða meginástæðu tilkynningar, vanrækslu á börnum, ofbeldi gegn börnum, áhættuhegðunar barns eða þar sem tilkynnandi telur að heilsa eða líf ófædds barns sé í hættu. Aðeins má merkja við eina aðalástæðu fyrir hverja tilkynningu.

	Fyrstu níu mánuðir 2023		Fyrstu níu mánuðir 2024		Fyrstu níu mánuðir 2025	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Vanræksla	4.659	42,5	5.175	42,2	5.222	38,1
Ofbeldi	2.769	25,2	2.972	24,3	3.541	25,8
Áhættuhegðun barna	3.468	31,6	4.025	32,8	4.840	35,3
Vegna ófædds barns	74	0,7	86	0,7	112	0,8
Alls	10.976¹	100	12.266¹	100	13.715	100

¹Frá 1. janúar 2020 hefur verið boðið upp á hlutlausu skráningu á kyni, þ.e. utan kynjatvíhyggju, skv lögum um kynrænt sjálfræði 80/2019.

Auk þeirra tilkynninga sem hér eru rakin, bárust 6 tilkynningar þar sem viðkomandi barn féll utan kynjatvíhyggju á fyrstu níu mánuðum árið 2023, 8 árið 2024 og 6 árið 2025.

Fyrir árið 2024 vantar upplýsingar um flokkun á einni tilkynningu.

Ástæður tilkynninga, undirflokkar

Líkt og áður segir má aðeins merkja við eina aðalástæðu fyrir hverja tilkynningu. Hins vegar má merkja við fleiri undirflokkum t.d. innan vanrækslu. Ef ein tilkynning berst um vanrækslu skal merkja við vanrækslu sem aðalflokk en merkja má t.d. við bæði líkamlega vanrækslu og tilfinningalega. Samanlagður fjöldi aðalflokkanna fjögurra stemmir því við fjölda tilkynninga en fjöldi innan hvers aðalflokks þarf ekki að stemma við heildartöluna.

Vanræksla, undirflokkar	Fyrstu níu mánuðir 2023		Fyrstu níu mánuðir 2024		Fyrstu níu mánuðir 2025	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Vanræksla	4.659		5.175		5.222	
<i>Drengir</i>	2.498	53,6	2.745	53,0	2.740	52,5
<i>Stúlkur</i>	2.161	46,4	2.430	47,0	2.482	47,5
Líkamleg vanræksla	197		172		229	
<i>Drengir</i>	109	55,3	89	51,7	113	49,3
<i>Stúlkur</i>	88	44,7	83	48,3	116	50,7
Vanræksla varðandi umsjón og eftirlit	4.120		4.474		4.338	
<i>Drengir</i>	2.223	54,0	2.367	52,9	2.274	52,4
<i>Stúlkur</i>	1.897	46,0	2.107	47,1	2.064	47,6
Þar af foreldrar í áfengis-og/eða fíkniefnaneyslu	1.643		1.605		1.688	
<i>Drengir</i>	853	51,9	824	51,3	852	50,5
<i>Stúlkur</i>	790	48,1	781	48,7	836	49,5
Vanræksla varðandi nám	193		209		188	
<i>Drengir</i>	98	50,8	126	60,3	105	55,9
<i>Stúlkur</i>	95	49,2	83	39,7	83	44,1
Tilfinningaleg vanræksla	272		366		538	
<i>Drengir</i>	124	45,6	179	48,9	287	53,3
<i>Stúlkur</i>	148	54,4	187	51,1	251	46,7

Ofbeldi, undirflokkar	Fyrstu níu mánuðir 2023		Fyrstu níu mánuðir 2024		Fyrstu níu mánuðir 2025	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Ofbeldi	2.769		2.972		3.541	
<i>Drengir</i>	1343	48,5	1.463	49,2	1.785	50,4
<i>Stúlkur</i>	1426	51,5	1.509	50,8	1.756	49,6
Tilfinningalegt ofbeldi	1.613		1.670		2.030	
<i>Drengir</i>	794	49,2	831	49,8	1020	50,2
<i>Stúlkur</i>	819	50,8	839	50,2	1010	49,8
þar af hálfu náins aðila ¹	668		555		615	
<i>Drengir</i>	331	49,6	295	53,2	276	44,9
<i>Stúlkur</i>	337	50,4	260	46,8	339	55,1
Líkamlegt ofbeldi	874		1.048		1.144	
<i>Drengir</i>	501	57,3	597	57,0	689	60,2
<i>Stúlkur</i>	373	42,7	451	43,0	455	39,8
þar af hendi náins aðila	273		283		303	
<i>Drengir</i>	157	57,5	136	48,1	181	59,7
<i>Stúlkur</i>	116	42,5	147	51,9	122	40,3
Kynferðisofbeldi	438		415		459	
<i>Drengir</i>	109	24,9	126	30,4	134	29,2
<i>Stúlkur</i>	329	75,1	289	69,6	325	70,8
þar af hendi náins aðila ²	60		82		85	
<i>Drengir</i>	13	21,7	17	20,7	15	17,6
<i>Stúlkur</i>	47	78,3	65	79,3	70	82,4
þar af stafrænt kynferðisofbeldi ³	21		42		33	
<i>Drengir</i>	6	28,6	11	26,2	12	36,4
<i>Stúlkur</i>	15	71,4	31	73,8	21	63,6


¹Hér hefur orðið breyting á orðnotkun. Í eldri skýrslum var vísað til heimilisofbeldis þegar börn urðu vitni af ofbeldi af hálfu náins aðila. Nú hefur verið vikið frá þeirri orðanotkun og vísað til tilfinningalegs ofbeldis af hálfu náins aðila.

²Frá áramótum 2022 voru barnaverndarþjónustur beðnar um að skrá ef að tilkynning vegna líkamlegs eða kynferðislegs ofbeldis væri vegna gruns um ofbeldis af hálfu náins aðila. Hér eru ekki til samanburðarhæfar tölur frá fyrri árum.

³Frá áramótum 2022 voru barnaverndarþjónustur beðnar um að skrá ef að tilkynning vegna kynferðislegs ofbeldis væri vegna stafræns kynferðisofbeldis.

Áhættuhegðun barna, undirflokkar	Fyrstu níu mánuðir 2023		Fyrstu níu mánuðir 2024		Fyrstu níu mánuðir 2025	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Áhættuhegðun barna	3.468		4.025		4.840	
<i>Drengir</i>	2044	58,9	2.522	62,7	3.111	64,3
<i>Stúlkur</i>	1424	41,1	1.503	37,3	1.729	35,7
Neysla barns á vímuefnum/skaðlegum efnum	457		868		871	
<i>Drengir</i>	243	53,2	433	49,9	498	57,2
<i>Stúlkur</i>	214	46,8	435	50,1	373	42,8
Barn sýnir sjálf skaðandi hegðun	1.154		1.031		1.249	
<i>Drengir</i>	508	44,0	508	49,3	626	50,1
<i>Stúlkur</i>	646	56,0	523	50,7	623	49,9
Barn kemur sér undan forsjá ¹	139¹		187		274	
<i>Drengir</i>	43	30,9	93	49,7	133	48,5
<i>Stúlkur</i>	96	69,1	94	50,3	141	51,5
Afbrot barns	739		760		1.076	
<i>Drengir</i>	546	73,9	576	75,8	848	78,8
<i>Stúlkur</i>	193	26,1	184	24,2	228	21,2
Barn beitir ofbeldi	743		933		1.112	
<i>Drengir</i>	599	80,6	787	84,4	879	79,0
<i>Stúlkur</i>	144	19,4	146	15,6	233	21,0
Námsástundun og/eða hegðun barns í skóla ábótavant	320		351		378	
<i>Drengir</i>	150	46,9	192	54,7	207	54,8
<i>Stúlkur</i>	170	53,1	159	45,3	171	45,2

¹Hér er um að ræða nýjan flokk en sambærilegar tilkynningar voru áður flokkaðar sem *barn stefnir eigin heilsu og þroska í hættu*.



Hversu oft var barn metið í yfirvofandi hættu

	Fyrstu níu mánuðir 2023		Fyrstu níu mánuðir 2024		Fyrstu níu mánuðir 2025	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Hversu oft var barn í yfirvofandi hættu	597		638		649	
<i>Drengir</i>	321	53,8	301	47,2	330	50,8
<i>Stúlkur</i>	268	44,9	325	50,9	301	46,4
<i>Stálp eða ekki vitað¹</i>	8	1,3	12	0,9	18	2,8

¹ Frá 1. janúar 2021 hefur þessi skráning verið byggð á mati barnaverndarstarfsmanns. Frá 1. janúar 2020 hefur verið boðið upp á hlutlausa skráningu á kyni, þ.e. utan kynjatvíhyggju, skv lögum um kynrænt sjálfræði 80/2019. Hér getur því verið um að ræða barn sem fellur utan kynjatvíhyggju eða ófætt barn.

Tilkynnendur

	Fyrstu níu mánuðir 2023		Fyrstu níu mánuðir 2024		Fyrstu níu mánuðir 2025	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Barnið sjálft	39	0,4	64	0,5	56	0,4
Ættingjar barns aðrir en foreldrar	354	3,2	369	3,0	398	2,9
Nágrannar	427	3,9	540	4,4	663	4,8
Annað nærumhverfi barns	748	6,8	835	6,8	749	5,5
Önnur barnaverndarþjónusta	152	1,4	151	1,2	133	1,0
Þjónustumiðst./starfsm.félagsþjónustu	311	2,8	374	3,1	336	2,4
Lögregla	4.178	38,1	4.873	39,7	5.871	42,8
Skólaþjónusta	1.512	13,8	1.768	14,4	1.952	14,2
Leikskóli/gæsluforeldri	208	1,9	206	1,7	235	1,7
Íþróttar- eða tómstundastarf	28	0,3	42	0,3	47	0,3
Heilbrigðisþjónusta	1.393	12,7	1.426	11,6	1.497	10,9
Foreldrar barns	798	7,3	879	7,2	826	6,0
Aðrir	828	7,5	739	6,0	958	7,0
Samtals	10.976	100	12.266	100	13.721	100